

Fundur svæðisráðs laugardaginn 14. janúar 2017 kl. 11.00, haldinn í síma

Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir stýrir fundi í fjarveru Heiðu Guðnýjar Ásgeirsdóttur, Ólafía Jakobsdóttir, Hákon Gunnarsson, Heiða Guðmundsdóttir og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð. Erla Ívarsdóttir boðaði forföll.

Samkvæmt fundarboði voru tvö mál á dagskrá fundarins.

[Ráðning þjóðgarðsvarðar á vestursvæði](#)

Rætt var um ferli ráðningar á þjóðgarðsverði á vestursvæði vegna framkominna athugasemda Capacent við auglýsingu um stöðu þjóðgarðsvarðar. Svæðisráðið telur mjög brýnt að skerpt sé á þessu ferli og hyggst taka málið upp við stjórn þjóðgarðsins og framkvæmdastjóra. Svæðisráð stendur við fyrri ákvörðun sína og leggur sem fyrr til að sá umsækjandi sem flest stig fékk að mati Capacent verði ráðinn í starf þjóðgarðsvarðar til eins árs með möguleikum á framhaldi ráðningar.

[Fundur svæðisráðs með stjórn þjóðgarðsins](#)

Stjórn og starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs mun funda í Hestheimum þann 24. og 25. janúar nk. Svæðisráðið hefur óskað eftir því að funda með stjórn af þessum tilefni og mun formaður svæðisráðs senda formanni stjórnar tillögu að fundarefnum sem svæðisráðið kom sér saman um.

Fundi slitið kl. 12.20